



UMHVERFISSTEFNA



UMHVERFIS- STEFNA ELKO

ELKO er leiðandi fyrirtæki á íslenskum raf-tækjamarkaði sem ber ábyrgð í umhverfismálum. ELKO hefur skráð umhverfisstefnu sem nær til allrar starfsemi fyrirtækisins með það markmið að draga úr álagi á umhverfið og að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í daglegum rekstri. ELKO er umhugað um að lágmarka áhrif starfsemi sinnar á umhverfið en í því felst mikill umhverfislegur ávinningur í því að stuðla að flokkun og halda almennu sorpi í lágmarki.


ELKO VILL GERA BETUR

ELKO leggur áherslu á að flokka, endurvinnna og endurnýta eins og mögulegt er. ELKO leitar allra leiða til að endurnýta úrgangsefni sem koma frá starfseminni og hefur margfaldað fjölda flokkunartunna bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum þar sem flokkað er í 13 mismunandi flokka.

ELKO setur notuð raftæki viðskiptavina í ábyrgt hringrásarferli hjá eistneska fyrirtækinu Foxway þar sem notuð raftæki eru ýmist endurunnin eða yfirfarin og komið í notkun upp á nýtt. ELKO greiðir viðskiptavinum fyrir þessi notuðu tæki og stuðlar þannig að því að notuð raftæki fari inn í hringrásarhagkerfið.

**ELKO SETUR NOTUÐ
RAFTÆKI VIÐSKIPTA-
VINA Í ÁBYRG
HRINGRÁSARFERLI**





ELKO ER ANNT UM UMHVERFIÐ

ELKO tekur þátt í sjálfbærnisvinnu Festi um að draga úr kolefnisfótspori, þar má helst nefna fyrirhugaða gróðursetningu 470.000 trjáplantna í fyrsta kolefnisvottaða skóginum á Íslandi. Verkefnið fór af stað árið 2022 og er áætlað að kolefnisbinding þess nemi um 90.000 tonn af CO² á næstu 50 árum sem er meira en væntanleg losun vegna starfsemi allra rekstrarfélaga Festi á sama tímabili. ELKO vill alltaf gera betur og hefur því sett skýr umhverfismarkmið og er ætlunin að sýna gott fordæmi fyrir viðskiptavinum og önnur fyrirtæki að gera slíkt hið sama og setja umhverfismál í forgrunn í rekstrinum.

**ELKO ÆTLAR AÐ
KOLEFNISBINDA UM
90.000 TONN AF CO² Á
NÆSTU 50 ÁRUM**

HLUTVERK

ELKO ætlar að leggja sitt af mörkum að draga úr álagi á umhverfið sem hlýst vegna raf-tækjaúrgangs sem er tilkomin vegna smá-sölu og annarrar losunar beint frá rekstri fyrirtækisins. Mikilvægur þáttur í þeirri veg-ferð er að upplýsa starfsfólk og viðskiptavini hvernig hægt sé að hlúa að umhverfinu fyrir komandi kynslóðir.





FRAMTÍÐAR- SÝN ELKO

ELKO ætlar að vera leiðandi fyrirtæki í hringrásarhagkerfi raftækja á Íslandi með sérstakri áherslu á hringrásarhagkerfið, fræðslu og hvötum til viðskiptavina. Með aðgerðum í eigin rekstri ætlar ELKO að halda áfram að stuðla að því að gömul raftæki rati inn í hringrásarhagkerfið. Þannig stuðlar ELKO bæði að lengri líftíma raftækja ásamt því að þau tæki sem fara í endurvinnslu eru endurnin eftir ítrustu stöðlum þar sem sjaldgæfir málmar og aðrir íhlutir rata rétta leið í endurvinnsluferlinu.

MARKMIÐ UMHVERFISSTEFNU



Flokkaður úrgangur verði orðinn meira en 90% hlutfall af heildarúrgangi ELKO árið 2030

2022: 73,1%
2030: >90%

- Flokkum allan úrgang og endurvinnum
- Flokkunartunnur skilgreindar
- Flokkunartunnur gerðar aðgengilegar
- Námskeið í flokkun einu sinni á ári



Gróðursettar verði 470.000 trjáplöntur fyrir lok árs 2025 og rekstur félagsins þannig kol-efnisjafnaður til næstu 50 ára

2022: Engar trjáplöntur
2025: 470.000 trjáplöntur

- Halda gróðursetningu áfram í skóginum og skipuleggja ný svæði til gróðursetningar



Hlutfall gallaðrar vöru sem fargað er lækki í 0,6% fyrir árið 2030

2022: 0,92%
2030: 0,6%

- Auka hlutfall viðgerðarhæfrar vöru í vöruúrvali
- Efla verkstæðisþjónustu fyrir raftæki
- Auka hlutfall gallaðrar vöru í hringrásarhagkerfinu



Fyrir árið 2030 verði minnst 20 þúsund vörum á ári komið í hringrásarhagkerfið

2022: 4.355 vörur
2030: 20.000 vörur

- Auka sýnileika og þekkingu viðskiptavina á „fáðu eitthvað fyrir ekkert“
- Þjóða meira fyrir notuð tæki upp í ný tæki
- Fjölga vöruflokkum í „fáðu eitthvað fyrir ekkert“
- Setja vörur inn í hringrásarhagkerfið sem falla til vegna galla



Árleg sala notaðrar vöru verði um 10.000 fyrir árið 2030

2022: 385 notaðar vörur
2030: 10.000 notaðar vörur

- Fjölga vöruflokkum notaðra vara í almennri endursölu til viðskiptavina
- Útbúa hringrásarmarkað fyrir gallaðar vörur sem falla til í rekstri

